

Upplýsingabréf

Upplýsingabréf vegna rannsóknar í tengslum við þátttöku leikskólans Laugalands og Leikskólans Heklukots í þróunarverkefninu *Snemmtæk ihlutun – mál og læsi*. Rannsóknin er hluti af mastersritgerð minni við Deild kennslu og menntunarfræða á námsleiðinni Starfstengd leiðsögn og kennsluráðgjöf.

Ég heiti Halldóra Guðlaug og vinn um þessar mundir að rannsókn sem er ætlað að varpa ljósi á sýn leikskólastjóra á eigin stöðu í lærdómssamfélagi leikskólanna sem þeir starfa á. Rannsóknin er unnin eftir eigindlegri aðferðarfræði þar sem leikskólastjóri hvors leikskóla mun taka þátt í einstaklingsviðtali. Gögnin verða nýtt til að skapa þekkingu á upplifun leikskólastjóra á því hvað er að vera faglegur leiðtogi ásamt því að skoða hvernig efla meggi lærdómssamfélag leikskólans og styrkja enn frekar.

Hagsmunaaðilar rannsóknarinnar eru leikskólastjórnendur, starfsfólk leikskóla, kennarar, foreldrar og börn. Leikskólastjóri hefur veitt leyfi fyrir því að rannsakandi taki einstaklingsviðtal við viðkomandi.

Farið verður að siðareglum Háskóla Íslands í hvívetna, farið með svör þátttakenda sem trúnaðarmál og gætt þagmælsku. Einungis rannsakandi mun hafa aðgang að gögnum sem verða geymd á læstum svæðum/hirslum og eytt að rannsókn lokinni. Hvergi verður getið í niðurstöðum um nöfn þátttakenda og leitast við að lýsa aðstæðum þannig að enginn þekkist.

Velkomið er að veita nánari upplýsingar í síma 846-0318 eða senda tölvupóst á netfangið hgh4@hi.is

Virðingarfyllst, Halldóra Guðlaug